

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík 20. apríl 2020

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um takmarkanir á fjárfestingum í vinnslu jarðefnaeldsneytis

(566. mál, 150. löggjafarþing 2019-2020).

Sú krafa hefur orðið háværari á undanförunum árum að fjármálastofnanir hætti að fjárfesta í fyrirtækjum sem tengjast vinnslu jarðefnaeldsneytis, enda ljóst að ef brenndar verða allar þekktar birgðir olíu, gass og kola í jarðskorpunni verður ekki unnt að forða mannkyni frá öfgakenndum loftslagsbreytingum. Ör hlýnun loftslagsins getur haft neikvæð áhrif á efnahagslegt öryggi hér á landi, m.a. með bráðnun jökla og súrnun sjávar, og dregið verulega úr lífsgæðum.

Ríflega þúsund erlendar fjármálastofnanir hafa brugðist við þessari áskorun með því að veita fjárfestingum sínum í annan farveg, nú nýverið lífeyrissjóðurinn New York State Common Retirement Fund, þýska tryggingafélagið Allianz og Norski olíusjóðurinn (Statens pensjonfond), sem hefur tilkynnt þá ákvörðun sína að selja hlutabréf í fyrirtækjum sem stunda einvörðungu leit og framleiðslu á jarðefnaeldsneyti.

Hér á landi hefur lítið farið fyrir umræðu um áhrif loftslagsbreytinga á fjárfestingastefnu fjármálastofnana þótt fullt tilefni sé til þar sem Íslendingar fjárfesta umtalsvert í erlendum fyrirtækjum, sjóðum og bréfum. Erlendar eignir lífeyrissjóðanna eru til að mynda rúmir 1.100 milljarðar króna og erlendar eignir Seðlabankans munu vera nærri 700 milljörðum.

Ljóst er að almenningur gerir auknar kröfur um að fyrirtæki sýni ábyrgð í loftslagsmálum. Samkvæmt umhverfiskönnun Gallup segja 86% aðspurðra það skipta miklu máli að fyrirtæki hrindi í framkvæmd aðgerðum sem hafa jákvæð áhrif á sviði loftslagsmála og einungis 17% telja fjármálageirann ná árangri í að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Alda, félag um sjálfbærni og lýðræði, Landvernd, Foreldrar fyrir framtíðina og Ungir umhverfissinnar leitast nú við að afla upplýsinga um erlendar fjárfestingar Íslendinga sem tengjast vinnslu jarðefnaeldsneytis. Þess vegna hefur félagið óskað eftir upplýsingum frá íslenskum fjármálafyrirtækjum um slíkar fjárfestingar og fjárfestingastefnu á þessu sviði.

Nú hafa 21 fjármálafyrirtæki sent Öldu svör sem birt eru á síðunni fjarlosun.alda.is. Af þessum svörum að dæma virðist mjög líklegt að stór fjármálafyrirtæki eigi hlut í félögum sem tengjast vinnslu jarðefnaeldsneytis, að minnsta kosti treysta þau sér ekki til að fullyrða að annað. Þannig segir t.d. í svari Landsbankans: „Landsbankinn getur ekki með algjörrri vissu útilokað að sjóðir eða fyrirtæki, sem sjóðir á vegum bankans eða sjóðir í stýringu hjá bankanum hafa fjárfest í, eigi hlut í félagi eða félögum sem stunda leit eða vinnslu á jarðefnaeldsneyti.“ Eins segir í svari Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins: „Þegar kemur að erlendum fjárfestingum fjárfestir LSR fyrst og fremst í sjóðum, eins og fram kom í fyrra svari, s.s. verðbréfasjóðum og vísitölusjóðum. Slíkir verðbréfa- og vísitölusjóðir samanstanda af fjölmörgum félögum og því er ekki hægt að útiloka að þar sé mögulega að finna félög sem koma að verkefnum tengdum vinnslu á jarðefnaeldsneyti“.

Af þessum sökum styður Alda þá tillögu sem hér er til umsagnar og gerir ráð fyrir takmörkunum á fjárfestingum í fyrirtækjum sem tengjast vinnslu jarðefnaeldsneytis.

Með góðri kveðju,

Guðmundur Hörður Guðmundsson,
fyrir hönd Öldu, félags um sjálfbærni og lýðræði

Umsögn aðgerðahóps Landverndar í loftslagsmálum á tillögu til þingsályktunar um takmarkanir á fjárfestingum í vinnslu jarðefnaeldsneytis.

Flm.: Andrés Ingi Jónsson, Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, Ari Trausti Guðmundsson, Guðmundur Andri Thorsson, Jón Steindór Valdimarsson, Logi Einarsson, Oddný G. Harðardóttir, Rósa Björk Brynjólfssdóttir.

Aðgerðahópi Landverndar

Styður heilshugar takmarkanir á fjárfestingum í vinnslu jarðefnaeldsneytis og að lífeyrissjóðir hætti að fjárfesta í olíu-, kola- og gasvinnslu!

Við fögnum því innilega að þessi tillaga sé sett fram og væntum þess að hún verði samþykkt.

Allir þurfa að horfa til framtíðar og fjárfesta í grænum lausnum.

Aðgerðarhópurinn teldi eðlilegt að ganga lengra, að einn meginþáttur í fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða sé að leiða grænar fjárfestingar, þar með talið breytingar yfir í jarðefnaeldsneytislaut samfélag. Til þess þarf fjárfestingar í innviðum og í fyrirtækjum, sem helga sig nýsköpun á þessu sviði.

Peningar hafa völd. Með því að beina kaupum með umhverfismál í huga er sent merki til markaðsins hvað neytendur vilja og með því að beina fjárfestingum til fyrirtækja á sviði sjálfbærni er sent merki til markaðarins um hverskonar fyrirtæki fjárfestar trúa á að muni vaxa. Í báðum tilfellum styrkja peningarnir fyrirtækin sem hlotnast viðskiptin og veikir önnur.

Með þessari tillögu er verið að setja tóninn fyrir það sem koma skal, hreinni framtíð, án jarðefnaeldsneytis.

Eðli lífeyrissjóða sem langtíma fjárfestinga sjóði fyrir framtíð sinna viðskiptavina ætti að samræmast og bera hugsjón þeirrar framtíðar sem er viðskiptavinunum til heilla. Þessu samkvæmt eiga lífeyrissjóðir að fjárfesta siðferðislega og með sjálfbærni í huga. Við fögnum því að gengið sé eftir því að fjármála- og efnahagsráðherra sýni ábyrgð í fjárfestingum ríkisins.

Aðgerðarhópurinn teldi eðlilegt að ganga lengra og einn meginþáttur í fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða sé að leiða grænar fjárfestingar þar með talið breytingar yfir í jarðefnaeldsneytislaut samfélag. Til þess þarf fjárfestignar í innviðum og fjárfestingar í fyrirtækjum sem helga sig nýsköpun á þessu sviði.

Í þingsályktun um mál 566 segir: „Það er sama úr hvorri áttinni fjárfestar nálgast málið, fjárfestingar í kolefnisiðnaði eru ekki líklegar til að skila ávöxtun ef litið er til verulega langs tíma.“ – í sannleika sagt. Með sífelldum tækniframförum munu vistvænir orkugjafar þróast umfram frammistöðu jarðefnaeldsneytis og verða fjárhagslega hakvæmari. Grænar fjárfestingar hraða þessari þróun. Grænar fjárfestingar eru fjárhagslega öruggari, sýna gott fordæmi, gott siðferði sem og samfélagslega ábyrgð.

Græn skuldabréf og grænar fjárfestingar geta fjármagnað fjölmargar aðgerðir í baráttunni við loftslagsbreytingar svo sem orkuskipti og þróun kolefnisbindingar aðferða.

Það er mikilvægt að bæði opinberar sem og fjárfestingar lífeyrissjóða verði gagnsærri. Almennungur sem sameiginlegir eigendur þeirra, eiga rétt á því að vita hvað er verið að styðja og fjármagna. Án aukins gagnsæis er erfitt að átta sig á stöðunni og leyta umbóta fyrir framtíðina..

Í heildina: Mikið svakalega er gott að heyra að grænar lausnir og loftslagsaðgerðir séu að ná inná þing – virkilega vel af stað farið! Húrra fyrir ykkur!

Við hjá Lofltagshóp Landsverndar viljum sjá jarðefnaeldsneyti fasað út til fulls á Íslandi. Þessu til merkis stóðum við fyrir gjörningi; *Jarðaför jarðefnaeldsneytis*, sem haldinn var 4.des 2019. Litið var fram til ársins 2035 og kvatt síðustu olíutunnuna framan við olíutankana útá Granda. Framtíðarsýnin er orkunýtni og sjálfbærar orkuauðlindir, jarðefnaeldsneytið er barn síns tíma.

Þetta var táknrænn og friðsamlegur gjörningur en honum fylgdu stigmagnandi kröfur aðgerðahóps Landverndar “um að Ísland verði jarðefnaeldsneytislaut árið 2035”. Sr. Davíð Þór leiddi athöfnina og hélt minningarorð, viðstaddir hlustuðu á harmónikuleik með söng samankomins kórs, sem voru brot af ýmsum kórum.

„Þér er boðið að koma og syngja og gleðjast yfir fortíð, nútíð og framtíð. Breytingar geta verið erfiðar - og öll sorg á rétt á sér. En mundu svo að opna hjarta þitt og gleðjast með okkur líka, því það sem tekur við er til hins betra. Við erum á fljúgandi ferð í grænum lausnum og við viljum gera það sem í okkar valdi stendur til að rækta góða jörð fyrir komandi kynslóðir.“

„Af jörðu ertu komin, að jörðu skaltu aftur verða - í jörðu skaltu að eilífu óáreitt hvíla.“

Undirritaðir í aðgerðahópi Landverndar:

Unnur Björnsdóttir
Þórhildur Fjóra Kristjánsdóttir
Sólveig Hlín Kristjánsdóttir
Eva H. Baldursdóttir
Sigurpáll Ingibergsson
Arnar Óskarsson
Dagný Hauksdóttir
Örn Þorvaldsson



VIÐ KREFJUMST ÞESS AÐ:

- 2020 Auka fjármagn í nýsköpun og þróun notkunar hreinna orkugjafa í flugsamgöngum í samstarfi við nágrannabjóðir
- 2023 Banna innflutning á bensín og díselbílum
- 2025 Banna innflutning á vinnuvélum og tækjum sem ekki ganga fyrir hreinum orkugjöfum
- 2025 Öll opinber framkvæmdasvæði noti eingöngu tæki sem ganga fyrir hreinum orkugjöfum
- 2025 Jarðefnaeldsneytisláusar almenningssamgöngur á landi
- 2030 Markmið um fyrsta raffarþegaflug innanlands
- 2030 Jarðefnaeldsneytisláusar landsamgöngur
- 2030 Jarðefnaeldsneytisláusar sjósamgöngur
- 2035 Jarðefnaeldsneytisláus fiskiskipafloti
- 2035 Jarðefnaeldsneytisláust millilandaflu

Jarðarför Jarðeldsneytis





Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

sent á: nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 20. mars 2020

Umsögn Landverndar um tillögu til þingsályktunar um takmarkanir á fjárfestingum í vinnslu jarðefnaeldsneytis, 566. mál.

Landvernd hefur skoðað ofan nefnda þingsályktunartillögu og greinagerð með henni. Stjórn Landverndar styður tillöguna heilshugar og þakkar flutningsmönnum fyrir vel unna tillögu. Greinagerð með tillögunni er mjög skýr og gagnleg.

Ef bann við fjárfestingum í jarðefnaeldsneytisvinnslu næði fram að ganga, þó það næði bara til opinberra fjárfestinga, fjármálastofnanna í ríkiseigu og lífeyrissjóða væri það stórt skref í því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda sem tengjast Íslandi. Ísland gæti með því orðið prófsteinn á það fyrir önnur lönd hvernig þess háttar bann gengi fyrir sig.

Starfshópurinn ætti einnig að skoða hvenær raunhæft er að Ísland geti lokið allri verslun með jarðefnaeldsneyti. Það væri mikill fengur fyrir heiminn ef velmegunarríki eins og Ísland gæti sýnt í framkvæmd virkt og velmegandi samfélag óháð jarðefnaeldsneyti. Inn í þess háttar skoðun gætu tillögur sem komið hafa frá ýmsum hópum Landverndar í loftslagsmálum gagnast¹. Til þess að hætta allri verslun með jarðefnaeldsneyti þarf að taka markviss skref. Grasrótarhópur Landverndar í loftslagsmálum hefur lagt til eftirfarandi skref sem má hafa til hliðsjónar:

2020 Auka fjármagn í nýsköpun og þróun fyrir notkun hreinna orkugjafa í flugsamgöngum í samstarfi við grannþjóðir.

2023 Banna innflutning á bensín og dísilbílum.

2025 Banna innflutning vinnuvélum og tækjum sem ekki ganga fyrir hreinum orkugjöfum.

¹ <https://landvernd.is/tillogur-fra-nokkrum-hopum-landverndar-um-adgerdir-i-loftslagsmalum/>

2025 Öll opinber framkvæmdasvæði noti eingöngu tæki sem ganga fyrir hreinum orkugjöfum.

2025 Jarðefnaeldsneytisláusar almenningsamgöngur á landi.

2030 Fyrsta raffarþegaflug innanlands.

2030 Jarðefnaeldsneytisláusar landssamgöngur.

2030 Jarðefnaeldsneytisláusar sjósamgöngur.

2035 Jarðefnaeldsneytisláus fiskiskipafloti.

2035 Jarðefnaeldsneytisláust millilandaflugs.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Landverndar

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri